

Kennsluáætlun 2019-2020

## Myndmennt í 7. bekk

Í myndmennt eru 2 kennslustundir á viku í 7. bekk. Kennari er Margrét Andrea Larsdóttir.

### Vinnulag

Hér skal gerð stutt samantekt á því sem tekið verður fyrir í faginu í vetur. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni ársins eru: litafræði, sviðsmyndagerð, kynning á mismunandi listastefnur, íslenskir listamenn og fleira.

### Vinnuáætlun

| Viðfangsefni     | Námsefni                                                                                             | Hæfniviðmið – notuð við námsmat                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Afurð / Námsmat        |
|------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|
| <b>Tjáning</b>   | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Efni frá kennara</li> <li>- Efni af veraldrarvef</li> </ul> | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- sagt frá vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverk,</li> <li>- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt,</li> <li>- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,</li> <li>- tjáð að nokkru öryggi tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,</li> <li>- fjallað um eigin verk.</li> </ul> | Símat<br>Leiðsagnarmat |
| <b>Samskipti</b> | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Efni frá kennara</li> <li>- Efni af veraldrarvef</li> </ul> | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum,</li> <li>- komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                           | Símat<br>Leiðsagnarmat |

|                   |  |                                                                                                                                                                                                                                                          |                        |
|-------------------|--|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|
| <b>Vinnubrögð</b> |  | <b>Nemandi getur ...</b><br>- unnið vel og farið eftir fyrirmælum,<br>- sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni,<br>- unnið sjálfstætt út frá kveikju við eigin sköpun                                                                                   | Símat<br>Leiðsagnarmat |
| <b>Sköpun</b>     |  | <b>Nemandi getur ...</b><br>- notað ímyndunaraflið, frumkvæði og hæfileika til að skapa afurð,<br>- nýtt aðferðir og tækni á fjölbreyttan og skapandi hátt,<br>- noti mismunandi tjáningaleiðir í sköpun sinni,<br>- þróað og unnið með eigin hugmyndir. | Símat<br>Leiðsagnarmat |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Margrét Andrea Larsdóttir